



LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: <http://www.lanamal.is>

Fréttatilkynning
31. mars 2023

Ársfjórðungsáætlun í lánamálum ríkissjóðs

Annar ársfjórðungur 2023

- Á öðrum ársfjórðungi verða boðin til sölu ríkisbréf í markflokkum fyrir **30-40 ma.kr.** að söluvirði¹.
- Flokkar sem mögulega verða boðnir út eru allir markflokkar ríkisbréfa og munu markaðsaðstæður ráða því hvort og þá hversu mikið verður selt í hverjum flokki.

Inngangur

Í ársáætlun frá Lánamálum ríkisins fyrir árið 2023 var tilkynnt að útgáfa ríkisbréfa yrði 140 ma.kr. að söluvirði á árinu. Útgáfa á fyrsta ársfjórðungi nam 49,5 ma.kr. að söluvirði. Eins og þessi ársfjórðungsáætlun gefur til kynna er stefnt að því að útgáfa ríkisbréfa á fyrri helmingi ársins 2023 verði meiri en útgáfan á seinni helmingi ársins.

Fyrirhuguð útgáfa ríkisbréfa

Heildarútgáfa ríkisbréfa á öðrum ársfjórðungi er áætluð á bilinu **30-40 ma.kr.** Líkt og í síðustu ársfjórðungsáætlunum verður áætluð hámarksútgáfa í einstökum flokkum ekki birt enda mikilvægt að ríkissjóður hafi svigrúm til að ákvarða útgáfu á milli flokka eftir markaðsaðstæðum hverju sinni.

Skiptiútboð – uppkaup

Framhald verður á skiptiútboðum á RIKB 23 0515 þar sem eigendum bréfanna verður boðið að skipta yfir í aðra markflokka. Þá má reikna með beinum kaupum á flokknum á eftirmarkaði. Ávöxtunarkjör, þátttaka og aðstæður á markaði munu ráða því hvort og þá hvaða markflokkar verða boðnir út í skiptiútboðum og hversu mikið verður selt með þeim hætti.

¹ Með söluvirði er átt við hreint verð (clean price) með áföllnum verðbótum á höfuðstól, þ.e. verð með verðbótum en án áfallinna vaxta.



LÁNAMÁL RÍKISINS

Fyrirhuguð útgáfa ríkisvixla

Sveigjanleiki í víxlaútgáfu er mikilvægur og til greina kemur að bæta við útboðum á ríkisvixlum umfram það sem fram kemur í útgáfudagatali Lánamála.

Frekari upplýsingar um útgáfur einstakra flokka ríkisbréfa og ríkisvixla verða birtar tveimur virkum dögum fyrir hvert útboð.

Nánari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson forstöðumaður Lánamála ríkisins í síma 569 9600.